

**Nd.**

**1013. Nefndarálit**

[392. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

Nefndin fékk frumvarp þetta eftir að það hafði hlotið afgreiðslu í efri deild. Þar fór fram ítarleg umræða um málið, m.a. með þeim sem að samningu frumvarpsins stóðu, þeim Ingibjörgu Rafnar hdl., sem var formaður nefndar sem samdi frumvarpið, og Ingimar Sigurðssyni, yfirlögfræðingi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, og Birnu Björnsdóttur, lögfræðingi Tryggingastofnunar ríkisins.

Í efri deild voru gerðar nokkrar breytingar á frumvarpinu, m.a. að miða við sama dagvinnustundafjölda og gildandi lög gera ráð fyrir, þ.e. að í stað 1700 vinnustunda kæmu 1032 stundir til að njóta fullra fæðingardagpeninga og 516–1031 stund til þess að njóta hálfra dagpeninga.

Nefndin tekur undir það með heilbr.- og trn. efri deildar að mikla áherslu beri að leggja á að þær reglur, sem settar voru í reglugerð nr. 261/1983, um fæðingarorlof, varðandi greiðslur til bændakvenna, námsmanna og dagmæðra, haldist óbreyttar við mat á vinnuframlagi — þótt það snerti ekki sjálfst lagafrumvarpið. Þar sem lagaákvæði yrðu óbreytt hvað þennan þátt snertir þykir rétt að taka þetta fram því að ekki er ætlunin að þessir aðilar missi nein réttindi hlutfallslega þegar fæðingarorlof lengist úr þremur í sex mánuði á næstu þremur árum. Nefndin telur einnig rétt að vekja athygli á, þótt það snerti ekki þetta lagafrumvarp beint, að nauðsynlegt er að tryggja að lífeyrisréttindi foreldra skerðist ekki meðan á fæðingarorlofi stendur, t.d. með því að heimila foreldrum að greiða lífeyrissjóðsframlag þann tíma. Kallar þetta að sjálfsgöðu á breytingar á lögum um lífeyrissjóði. Á sama hátt er nauðsynlegt að gera breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins varðandi lánarétt svo að foreldrar missi ekki réttindi í fæðingarorlofi. Þetta eru vissulega mikilsverð mál en þau eiga ekki að tefja framgang aukins fæðingarorlofsréttar. Þess vegna treystir nefndin því að hlutaðeigendur kanni þessi mál og geri tillögur til breytinga á næsta þingi.

Skyllt er að geta þess að nefnd sú, sem vann að breytingunni á lögnum, benti á þrjá möguleika og byggist sú tillaga, sem hér er farið eftir, á einum þeirra. Útreikningar um kostnað, sem fylgir í kjölfar samþykktar þessa frumvarps, taka mið af því fyrirkomulagi sem nú er í frumvarpinu eftir breytingu efri deildar á því, svo að ekki kemur til kostnaðarauka umfram þann sem þar greinir frá nái frumvarpið fram að ganga.

Þær breytingar, sem nefndin leggur til að gerðar verði við frumvarpið eins og það kom frá efri deild, eru ekki kostnaðarsamar, enda þegar bundið í reglugerð um greiðslu fæðingarstyrks. Breytingartillögurnar eru fluttar á sérstöku þingskjali.

Góð samstaða hefur náðst með nefndarmönnum í neðri deild og efri deild um framgang málsins með þessum breytingum.

Guðrún Agnarsdóttir tók þátt í störfum nefndarinnar um þetta mál.

Alþingi, 17. mars 1987.

Pétur Sigurðsson,  
form., frsm.

Guðrún Helgadóttir,  
fundaskr.

Ólafur G. Einarsson.

Ólafur P. Þórðarson.

Friðrik Sophusson.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Guðmundur Bjarnason.